

um skýrslu um framlag ríkissjóðs til lækkunar á vöruverði.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að birta nú þegar skýrslu um framlag ríkissjóðs til lækkunar á vöruverði. Sé þar sundurliðað, hversu hátt framlag er greitt til verðlækkunar á hverri vöru um sig, og gerð grein fyrir, hver áhrif það mundi hafa, ef greiðslum þessum væri hætt. Enn fremur ályktar Alþingi að skora á ríkisstjórnina að birta héðan í frá jafnskjótt allar ákvarðanir hennar um breytingar á þessu framlagi.

#### Greinargerð.

Frumskilyrði þess, að ráðið verði við þann vanda, sem nú steðjar að í efnahagsmálum þjóðarinnar, er, að henni sé gerð skýlaus grein fyrir öllum þeim atriðum, er þar hafa þýðingu. Hér er um margþætt mál að ræða, og getur ríkisstjórn og Alþingi ekki hlutast til nema um sumt. Því meiri ástæða er til, að þessir aðilar láti ekki sitt eftir liggja um þá þætti, er þeir hafa í hendi sér. Einn þeirra er framlag ríkissjóðs til lækkunar á vöruverði.

Þetta framlag breytir ekki sjálfu vöruverðinu, og áður en yfir lýkur, verður almenningur að greiða það, þótt ríkissjóður hafi þar milligöngu. Með því er engan veginn sagt, að óhyggilegt kunni að vera að hafa þennan hátt á. Það fer eftir atvikum og er mál fyrir sig. En vissa er fyrir, að þessi aðferð horfir til ills, ef hún verður til þess, að almenningur átti sig síður á hinu sanna orsakasamhengi og við hvern vanda er að etja.

Fjármálaráðherra vék í fjárlagaræðu sinni nokkuð að þessum vanda og sagði m. a.:

„Það leiðir af þessu búskaparlagi, að sífellt er að koma fram alls konar ósamræmi í uppbótar- og styrkjakerfinu og sífelld viðureign á sér stað við verðlagið í landinu, sem ævinlega leitar upp á við. Verðhækkanir hér, kauphækkanir þar og verðhækkanir hér, sem metnar eru óhjákvæmilegar, og í því sambandi sífelld pressa í þá átt, að komið sé í veg fyrir verðhækkanir í búðunum með fjárframlögum úr ríkissjóði, hvað sem fjárveitingum liður.“

Þótt fjármálaráðherra segi, að á þennan veg komi fram „pressa í þá átt, að komið sé í veg fyrir verðhækkanir í búðunum“, þá stentz það ekki, þegar betur er skoðað, jafnvel samkvæmt hans eigin ummælum, því að síðar í ræðu sinni segir hann:

„— — — í rauninni er þar um að ræða ráðstafanir til þess að halda niðri verðlagi á einstökum vörutegundum fyrir milligöngu ríkisins og láta kostnaðinn við það koma fram í hækkuðum álögum á aðrar vörur.“

Af þessum sökum virðist fjármálaráðherra ekki vilja telja þessi útgjöld meðal eiginlegra ríkisútgjalda, en verður samt að viðurkenna, að frá því 1952 þangað til nú hafi þessi liður fjárlaganna hækkað meira en nokkur annar, því að hann segir:

„Mesta hækkun á einum lið er vegna niðurgreiðslu á vöruverði, eða 77 millj. kr. hækkun frá 1952, og er þetta 286% hækkun.“

Í fjárlagafrv. nú er mikil hækkun á þessum lið frá því, sem áður var. Segir fjármálaráðherra um það:

„Þá er gert ráð fyrir, að hækkun á fjárveitingum til niðurgreiðslu á vöruverði innanlands hækki úr 84 100 000 í 105 000 000. Hækkunin nemur 20 900 000. Kemur hér þrennt til.“

Síðan gerir ráðherrann á mjög ófullnægjandi hátt grein fyrir, af hverju þessi hækkun sé nauðsynleg, en bætir við:

„Þá verður þess að geta, að útgjöld við þá niðurgreiðslu landbúnaðarafurða, sem ákveðin var enn til viðbótar í haust, til þess að koma í veg fyrir hækkun á landbúnaðarafurðum, eru ekki meðtalin í frumvarpinu. Hefur engin ákvörðun verið tekin um það, hvort þessi niðurgreiðsla skuli verða til frambúðar eða ekki, og er hún því ekki tekin með, en eigi hún að standa, mundi þurfa að hækka fjárveitingu til niðurgreiðslu á vöruverði um ríflega 20 millj. kr. eða svo, og mundi þá halli fjárlaganna hækka að sama skapi, að öðru óbreyttu.“

Af þessu yfirliti er ljóst, að hér er um að ræða sívaxandi útgjöld fyrir ríkissjóð, sem haldið er áfram að bæta við í algeru stefnuleysi og án þess að nokkur fullnægjandi greinargerð sé til um raunveruleg áhrif þeirra.

Forsenda þess, að unnt sé að átta sig á þýðingu þessara ráðstafana, í senn fyrir vöruverð í landinu og afkomu ríkissjóðs, er, að samin sé og birt slík skýrsla sem hér er gerð tillaga um. Verður vonandi ekki tregða á samþykki þingheims til svo sjálfsagðrar ráðstöfunar.